



28. fundur Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Þórshöfn mánudaginn 30. október 2017 og hófst klukkan 12:00.

Mætt voru: Reimar Sigurjónsson, Sölvi Steinn Ólason, Karl Ásberg Steinsson, Aðalbjörn Arnarson, Elías Pétursson sem ritaði fundargerð.

Varaformaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð. Svo var ekki og gengið var til dagskrár.

Dagskrá fundar

1. Leikskóli nýbygging, grenndarkynning
2. Önnur mál.

Fundargerð

1. Grenndarkynning vegna nýs leikskóla

Sveitarstjóri lagði fram drög að teikningum að nýjum leikskóla, um er að ræða teikningar sem eru í vinnslu. Sveitarstjóri fór yfir málið og skýrði ásamt og að óska heimildar nefndarinnar fyrir því að grenndarkynna áform um nýbyggingu.

Samþykkt um afgreiðslu. Umhverfis- og skipulagsnefnd heimilar fyrir sitt leiti að áform um nýbyggingu verði grenndarkynnt. Grennd skal teljast Hálsvegur 1 til 11, Fjarðarvegur 3 til 9 og Miðholt 1 til 19. Samþykkt með tveimur atkvæðum.

Fulltrúar U-lista leggja fram eftirfarandi tillögu: Lagt er til að sveitarstjórn standi við samþykkt frá 63 fundi Sveitarstjórnar Langanesbyggðar þess efnis að haldinn verði íbúafundur um staðsetningu leikskóla. Einnig er lagt til að efnt verði til íbúakosningar um staðsetningu.

Tillagan borin undir atkvæði, Tveir samþykkja, Sölvi greiðir atkvæði gegn, Reimar situr hjá.

2. Önnur mál

- Sveitarstjóri fór yfir átak það sem nú er í gangi og varðar almenna umgengni í sveitarfélaginu. Í síðustu viku fóru fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og forstöðumaður áhaldahúss um þéttbýliskjarnana og límdu miða á bílhæ og annað sem í augu stakk. Nú stendur fyrir dyrum að fjarlægja og farga því sem límt var á og ekki er leyfi fyrir.



LANGANESBYGGÐ

- Sveitarstjóri fór yfir framvindu sormála, þar hefur flest gengið í samræmi við væntingar og unnið er að innleiðingu verksamnings.

Fleira ekki gert, fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 13:15.